

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 9.3.17
Ábm.	Svfr.
Afgr. F-40	( ) Bréf ( ) St.
Lvm.	Trm.

## MINNISBLAÐ

<b>Dagsetning:</b>	9.3.17	<b>Merking:</b>	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
<b>Efnisatriði</b>	Yfirferð á váttryggingum og iðgjöldum		
<b>Höfundur:</b>	Guðmundur M. Ásgrímsson		

### Markmið verkefnis:

Fara yfir iðgjöld á váttryggingum og váttryggingavernd sveitarfélagsins.

### Framkvæmd/Ferli:

Byrjað var á því að fá trygginga- og tjónayfirlit frá Vís.

Upplýsingar úr yfirlitunum voru greindar. Ákveðið var að nota forsendur yfirlits frá árinu 2016.

Iðgjöld 2016 voru 2.282.713.-

Iðgjöld 2017 voru áætluð 2.396.453

### Verðkönnunin:

Vís neitaði að losa tryggingar 1. desember þó að reglan sé 30 dagar fyrir gjalddaga. Vís ber fyrir sig að það sé almanaksmánuðirinn í hvert sinn.

Hins vegar lýsti Vís því yfir að það væri tilbúið að hlusta á rök fyrir því að endurskoða iðgjöldin.

Eftir samningaviðræður bauð Vís 15% lækkun á tryggingunum miðað við 3 ára samning. Það er lækkun um 700.000.- á samningstíma.

### Tjónasaga:

Tjónasagan er þökkaleg ef miðað er við áætlanir en með ágætum ef aðeins er tekið það sem greitt hefur verið.

	2012	2013	2014	2015	2016	Samtals
<b>Greitt</b>	465,380	251,573	1,098,209	0	0	1,815,162
<b>Áætlað</b>	465,380	251,273	1,098,209	1,500,000	0	3,314,862
<b>Fjöldi</b>	2	2	4	1	0	9

Eitt tjón á tveim árum sýnir að leitnin er góð.

### Yfirferð á váttryggingum / áhættumat:

Sveitarfélagið er þökkalega tryggt en það vantaði nokkuð uppá að tryggingar væru uppfærðar.

Til að koma í veg fyrir þetta þarf að fara yfir þetta á hverju ári við endurnýjun trygginga með tryggingafélagi eða ráðgjafa.

Hér verður farið yfir þær tryggingar sem sveitarfélagið er með og hvað þær vernda. Einnig verður bent á tryggingar sem mögulega mætti bæta við verndina.

**Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar (frjáls ábyrgð):**

Skilgreiningin á tryggingunni er:

Ábyrgðartrygging atvinnurekstrar bætir líkams- og/eða eignatjón sem váttryggður veldur þriðja manni enda sé hinn váttryggði bótaskyldur fyrir því tjóni skv. íslenskum réttarreglum. Einnig tekur tryggingin til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á váttryggðan vegna líkams- og/eða eignatjóns af völdum hættulegra eiginleika vöru, sem váttryggður selur eða lætur á annan hátt af hendi.

Þessar tryggingar ná yfir þau tjón sem þriðji aðili kann að verða fyrir af völdum starfsemi fyrirtækisins og ber skaðabótaábyrgð á. Auk þess er um lögbundna ábyrgðartryggingu sem á við atvik innan samninga.

Það þarf að telja upp vinnuvélar með skráð vinnuvélanúmer. Tryggingin bætir tjón sem tækin valda 3 aðila samanber ábyrgðartryggingu ökutækja.

**Ef það verður slys á starfsmanni eða viðskiptavini skiptir miklu máli að kalla vinnueftirlitið til, ef það er ekki gert liqgur sönnunarbyrðin öll á fyrirtækinu ef það kemur til skaðabótamáls.**

Váttryggingafjárhæðin er um 290 milljónir.

*Athuga þarf að hafa fasteignir sem eru ekki með fasteignatryggingu undir þessari tryggingu. Ábyrgðartryggingin er annars innifalin í fasteigna/húseigendatryggingu.*

**Uppsetning á tryggingunni í dag**

Váttryggt	Laun
Skrifstofa	18,864,000
Leikskóli	8,365,000
Stuðningur við fatlaða	6,373,000
Kennarar	40,097,000
Mötuneyti	3,351,000
Ræsting	6,572,000
Sundlaugavarsla	6,053,000
Áhaldahús	12,451,000
Önnur störf	2,247,000
Vinnuskóli	1,656,000

*Mæli með að bætt verði við sláttuvél- og sláttuorf.*

## Brunatrygging lausafjár

Tryggingin bætir tjón á lausafjarmunum af völdum bruna, vatns eða innbrota. Til viðbótar er hægt að tryggja gegn óveðurstjónum.

Vátryggingin tekur til lausafjár sem geymt er á vátryggingarstað. Bætur greiðast ekki fyrir hluti sem geymdir eru utandyra, í opnum skemmum eða skýlum, húsum í smíðum eða geymslum sem klæddar eru pappa, plastdúk o.þ.h. nema annað sé tekið fram á vátryggingaskírteini.

*Það þarf að passa vel uppá vátryggingarstað sem tilgreindur er á skírteini.*

*Athuga hvort lausafé eða lager er geymt í öðrum húsnæðum*

Hér þarf að athuga hvort allt lausafé sé upptalið eins og t.d. tæki, verkfæri, efni, tölur, húsgögn osfrv.

Dyr, gluggaop og önnur op inn á þann stað sem hið vátryggða er geymt skulu vera tryggilega læst og lykklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.

Athuga þarf að gler er tryggt sérstaklega.

Eigin áhætta í hverju tjóni er 10-15%, lágmark um 30.000 og hámark um 300.000.

### **Uppsetning á tryggingunni í dag**

Vátryggt	Vátryggingastaður	Vátryggingafjárhæð
Bókasafn	Þjórsárskóli	15,645,000
Lausafé	Árnes	31,797,000
Lausafé	Þjórsárskóli	32,186,000
Innbú	Brautarholt	13,974,000
Lausafé	Skeiðalaug	1,780,000
Lausafé	Leikskóli Brautarholt	37,909,000
Innbú og lausafé	Brautarholtsskóli	6,516,000

*Vátryggingafjárhæðir og vátryggingastaðir eru í skoðun hjá sveitarfélaginu.*

### Víðtæk eignatrygging

Víðtæk eignatrygging er gjarnan tekin á einstaka dýra muni sem fólk tekur með sér vegna vinnu eða á ferðalögum, svo sem **myndavélar, síma, fartölvur og verkfæri**.

Tryggingin bætir tjón af völdum skyndilegs utanaðkomandi atviks og er víðtækari en aðrar lausafjártryggingar.

Víðtæk eignatrygging gildir hvar sem er í heiminum án tillits til búsetu meðan tryggðir hlutir eru í umsjá váttryggðs.

*Þessi trygging er dýrari eins og gefur að skilja og mælt er því með að dýrari hlutir/tæki séu í þessari tryggingu.*

*Eigin áhætta er 10-15% og að lágmarki 20-30 þúsund.*

*Í dag er aðeins ein fartölva að verðmæti 258 þúsund tryggð.*

### Brunatryggingar fasteigna

Váttryggingin bætir tjón á húseign, þ.m.t. föstum innréttingum, sem hlýst af völdum bruna. Matsaðili brunabótamats er Fasteignaskrá Íslands.

Þetta er lögbundin trygging og er váttryggingarverðmæti samkvæmt brunabótamati.

*Í dag eru 16 fasteignir að verðmæti 1.312.360.000.- undir tryggingunni.*

*Athuga þarf hvort brunabótamat samsvari markaðsverðmæti en ef svo er ekki er hægt að fá viðbótarbrunatryggingu.*

### Húseigendatrygging (fasteignatrygging)

Bætir tjón á húseign sem stafa af leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum, óveðri/foki, af völdum innbrots eða vegna brots á venjulegu rúðugleri, sóttfalli, húsaleigu

**Húsaleigutrygging:** Húsaleigu sem váttryggður tapar eða verður að greiða ef nauðsynlegt reynist að flytja úr húsnæði vegna tjóns sem er bótaskyldt

**Vatntjónstrygging:** Skemmdir á váttryggðri húseign sem eiga upptök sín inn veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum hennar. Einnig bætast tjón sem verða þegar vatn flæðir úr hreinlætistækum vegna mistaka eða skyndilegra bilana á þeim, svo og vatnsrúmunum eða fiskabúrum.

**Fok- og óveðurstrygging:** Skemmdir á hinu váttryggða af völdum ofsaveðurs, þegar vindur nær að rjúfa þak, glugga eða vegg húseignarinnar eða valda tjóni á öðru því sem váttryggt er, enda hafi vindhraði þá er tjón varð náð 28,5 m/sek. samkvæmt mælingu Veðurstofu Íslands.

**Innbrotstrygging:** Tjón á váttryggðri húseign af völdum innbrots eða tilraunar til innbrots.

**Glertrygging:** Tjón á venjulegu rúðugleri í váttryggðri eign, en því aðeins að það brotni eftir að það var sett í. Sé glerið tekið úr aftur fellur glertryggingin niður.

**Ábyrgðartrygging húseiganda:** Félagið váttryggir gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á váttryggðan sem eiganda hinnar váttryggðu fasteignar eða eignarhluta váttryggðs í henni, eða vegna sameiginlegrar ábyrgðar hans með öðrum eigendum hússins og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans.

#### **Undanskildar áhættur sem váttryggja má sérstaklega**

**Sótfallstrygging** Skemmdir á húseign sökum skyndilegs og óvænts sótfalls frá kynditækjum eða eldstæðum enda fáist tjónið ekki bætt úr brunatryggingu fasteignarinnar.

**Snjópungatrygging** Tjón á váttryggðri húseign sem er afleiðing af skyndilegum snjópunga sem sligað hefur þak eða vegg hennar. Undanskildar áhættur:  
Váttryggingin bætir ekki tjón af völdum snjóflóða né heldur tjón sem er afleiðing byggingargalla.

*Í dag eru 16 fasteignir að verðmæti 1.312.360.000.- undir tryggingunni.*

#### **Launþegatryggingar**

Váttrygging sem váttryggir launþega vegna slysa í starfi og almennt til og frá vinnu í samræmi við kjarasamninga.

Tryggingin er fyrir alla launþega í stéttarfélögum og samkvæmt kjarasamningum ber vinnuveitanda að slysatryggja starfsmenn sína.

Tryggingin greiðir launþegum bætur vegna slysa sem verða í vinnu eða á beinni leið til eða frá heimili. Flestir velja einnig að tryggja persónulega muni starfsmanna sem viðbót við launþegatrygginguna.

Nokkuð misjafnt er eftir stéttafélögum hvernig þessari tryggingu er háttáð en almennt er um að ræða dánar- og örorkubætur og oft dagpeninga. Hægt er að kaupa frítímatryggingu til viðbótar.

**Ef fyrirtækið er ekki með þessa tryggingu og starfsmaður slasast þurfa félögin að greiða þær bætur sem hann hefði annars fengið úr tryggingunni.**

*Ef það eru ekki allir starfsmenn undir tryggingunni þá getur tryggingafélag ákveðið að greiða bætur í hlutfalli af því hvað það eru margir tryggðir á móti heildarfjölda starfsmanna*

	Vikur	Fjöldi	Samningur
Skrifstofa	104	2	SÍS
Leikskóli	364	8	SÍS
Stuðningsfulltrúar	72	2	SÍS
Starfsmanna áhaldahúss	104	2	SÍS
Ræsting á skrifstofu	26	1	SÍS
Skólavistun	28	1	SÍS
Skólastjóri og kennarar	416	10	Kennarar
Stundakennarar	10	1	
Gangnamenn	30	30	SGS
Vinnuskóli	60	10	SGS
Matráðar í leikskóla	26	1	SGS
Ræsting í skólum	52	2	SGS
Sundlaugavarsla	104	2	SÍS
Matráður í Þjórsárskóla	52	1	SGS

#### Breytingar verða

- Skrifstofa, 3 starfsmenn í 100% vinnu
- Áhaldahús, 1 starfsmaður í 100% vinnu
- Sundlaugavarsla, 1 starfsmaður í 50% vinnu og 2-3 starfsmenn frá júlí til ágúst í 70% vinnu.

#### Slysatryggingar

Slysatryggingar skiptast í þrennt:

- Sveitarstjóri
- Hópslysatrygging
  - Sveitarstjórnarstörf
    - 5 einstaklingar
- Slysatrygging skóla- og leikskólabarna
  - Leikskólabörn voru 32 en verða 30
  - Skólabörn voru 45 en verða 50

#### Ökutæki

Ökutækjatrýggingar skiptast í 4 þætti:

**Ábyrgðartrygging:** lögboðin samkvæmt umferðarlögum og bætir fjárhagslegt tjón þriðja aðila sem notkun ökutækis veldur, bæði eignatjón og líkamstjón.

**Slysatrygging ökumanns og eiganda:** lögboðin váttrygging, þessi trygging gildir fyrir ökumann og eiganda ef hann er farþegi í eigin ökutæki, aðrir farþegar en eigandi eru hins vegar váttrygðir í ábyrgðartryggingunni (3 aðili)

**Bílrúðutrygging:** bætir brot á bílrúðu bifreiðar ásamt ísetningarkostnaði (15-30% eigin áhætta), ef það er hægt að gera við rúðuna er engin eigin áhætta. Tryggingin er valkvæð en er ódýr.

**Kaskótrygging:** Vátryggingin bætir tjón á hinu vátryggða ökutæki af völdum áreksturs, áaksturs, útafaksturs, eldsvoða, af völdum þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar á því, (enda hafi ökutækið verið læst), ef það fýkur eða ef vélarhlíf, kistulok eða hurðir fjúka upp, brots á rúðum þess, topplúgum og glerþökum.

Einnig er greiddur kostnaður við björgun eða flutning á ökutæki til næsta verkstæðis ef ökutækið er óökufært vegna bótaskylds tjónsatburðar.

Kaskótrygging er valkvæð og er hægt að fá eigin áhættu frá 50 þúsund.

Ökutæki tryggð í dag

GEN35	81,000
-------	--------

**Tryggingar sem eru ekki til staðar:**

**Húftrygging vinnuvéla**


Tryggingin bætir skyndilegt og ófyrirséð tjón á vinnuvél með skráð vinnuvélanúmer m.a. af völdum bruna, sprenginga, áreksturs, hruns eða veltu. Bættar eru skemmdir á vinnuvélinni vegna ofsaveðurs og vegna flutnings vinnuvélar með öðru flutningstæki á landi. Einnig er bætt tjón vegna rúðubrota í vinnuvél. Helstu gerðir vinnuvéla sem hægt er að tryggja eru gröfur, jarðýtur, kranar, osfrv.

*Það þarf að verðmeta tækin sem eru og eru ekki með þessa tryggingu. Vera með viðmið um hvenær um lágmarks verðmæti tækja sem eiga að vera með trygginguna.*

**Niðurstaða:**

- Sveitarfélagið er ágætlega tryggt en forsendur þurfti að laga
  - Vátryggingafjárhæðir
  - Fjölda tækja og starfsmanna
- Iðgjöld voru mjög góð miðað við önnur sveitarfélög miðað við tjón.
  - Með nýju tilboði frá Vís eru iðgjöld með því besta sem sveitarfélögum er boðið.
- Mælt með að tilboði Vís verði tekið og gerður 3 ára samningur.

Reykjavík 9.3.17



Guðmundur Ásgrímsson